



Starfsreglur landsliðsnefndar kvenna

1.gr. Skipun

Landsliðsnefnd kvenna starfa samkvæmt lögum HSÍ. Landsliðsnefnd kvenna skal skipuð a.m.k. 5 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefnir og skal formaður nefndarinnar koma úr stjórn HSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2.gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa HSÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ.

3.gr. Hlutverk og verkefni

Landsliðsnefndin hefur umsjón með kvennalandsliðum HSÍ. Nefndin hefur umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppnum, skipuleggur undirbúning þeirra og annast samskipti við starfsmenn liðanna.

Helstu verkefni landsliðsnefndar eru eftirfarandi:

- Að annast undirbúning og eftirlit með þjálfun, æfingum og leikjum.
- Að hafa samskipti við starfsmenn og leikmenn landsliða.
- Að vera í forsvari fyrir landsliðshópa í verkefnum á vegum HSÍ.

4.gr. Önnur störf

Landsliðsnefnd kvenna skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5.gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6.gr. Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 08.april 2009